

Bjarni Reykjalin,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar og  
Skútustaðahrepps  
Kjarna  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. maí 2014  
Tilvísun: UST20140300261/ksj

### Tillaga að breytingu aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011 - 2023

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023. Tillagan felur í sér að við kafla 4.1.3.

Byggingarlist og mannvirkjagerð bætist almennt ákvæði um svigrúm til framkvæmda á fullbyggðum svæðum.

#### Tillaga að breytingu

Í breytingartillöggunni felst að eftirfarandi er bætt í texta um fullbyggð svæði: "*Par verður heimilt auk eðlilegrar endurnýjunar og endurbyggingar bygginga og mannvirkja að reisa viðbyggingar og nýbyggingar s.s. bílskúra, þar sem aðstæður leyfa og í samræmi við samþykkt deiliskipulag.*" Einnig eru atriði í töflu yfir núverandi og áætluð mannvirki í sveitarfélaginu leiðrétt. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við það að einhvers konar svigrúm til endurbygginga og viðbygginga sé til staðar, en bendir á að mikilvægt er að slíkar viðbyggingar séu hófsamar og þess sé gætt að framkvæmdir falli vel að umhverfinu.

Stofnunin minnir á hið viðkvæma umhverfi við Mývatn og að ávallt sé farið að lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður- Þingeyjarsýslu og reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður -Þingeyjarsýslu. Einnig bendir Umhverfisstofnun á metnaðarfullan kafla um byggðaþróun og byggðamynstur er varðar þróun byggðar við Mývatn í aðalskipulagi Skútustaðahrepps en þar segir: "*Pví er það eindregin stefna skipulagsáetlunarinnar að manngert umhverfi skuli öðru fremur einkennast af góðri byggingarlist og sómasamlegri umgengni og frágangi bújarða og lóða.*" Þar af leiðandi er að mati Umhverfisstofnunar ekki óeðlilegt að í aðalskipulagi séu einhvers konar stærðartakmarkanir á viðbyggingum t.d. hlutfall af þegar byggðu mannvirki, til þess að takmark um góða byggingarlist í sveit sem er einstök á heimsvísu náist og til að mannvirki falli vel að umhverfinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur